

SVAVA BJÖRNSDÓTTIR



Svava Björnsdóttir hóf listferil sinn á umbrotatímum í höggmyndalist á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Þegar í stað vakti hún athygli fyrir persónulega skúlptúra úr óvenjulegum efnivið sem nálguðust sýningarrýmið og byggingarlist á nýstárlegan hátt.

Verk Svövu eru steipt úr hráu pappírsbeðmi, upphaflega unnin með hjálp gifsmóta, sem á síðari árum hafa vikið fyrir mótum úr frauðplasti. List hennar býr yfir eiginleikum lágmynda, málverka og rýmisverka, leikur sér með mörkin þarna á milli og er ávallt í virku samspili við sýningarrýmið þar sem list hennar er jafnan óvænt upplifun.

Skúlptúrar Svövu eiga sínar kvenlegu hliðar, ávöl form og mjúkar línur, en kraftur þeirra er karlmannlegur í hiklausri yfirtöku á rými, yfirstærðum og að því er virðist þyngd og massa. Það má sjá laúfléttan feminískan húmor í blekkingunni sem Svava skapar með áferð og lit pappírsins. Á lunkinn hátt minnir Svava á að listaverk þurfa ekki hefðbundna karlmannlega eiginleika eins og massa, stærð og þyngd til að ná tökum á áhorfandanum og rýmínu.

Endurtekið þema í list Svövu eru form sem kalla upp list barokktímabilsins, ávöl form og skrautlegt flúr. Slík form má einnig sjá í hversdagslegum hlutum, renndum borðfótum eða í glasi á háum fæti. Þetta eru form sem enduróma í hinum nýju skúlptúrum sem á léttan, hiklausan og kraftmikinn hátt eins og svífa um rýmið, líkt og dansarar frjálssir undan þyngdaraflinu. Hér er að finna þá dirfsku í vinnubrögðum og framsetningu sem jafnan einkennir list Svövu. Í fyrsta sinn sleppir hún hendinni af sköpunarferlinu og lætur pappírinn að nokkru leyti sjálfan um að falla í það form sem efnivið kallar eftir. Þetta samspil tilviljunar og þekktra efniseiginleika endurtekur hún í litanotkun sinni þegar hún lætur blautan pappírinn um að taka á móti litnum og breiða úr honum í tjáningarríkum og sterkum litbrigðum.

Úr grein eftir Rögnu Sigurðardóttur listfræðing sem birtist á ensku í bókinni ICELANDIC ART TODAY. Útgefandi: Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Listasafn Íslands 2009. ISBN 978-3-7757-2295-7. Birt með leyfi höfundar.

SVAVA BJÖRNSDÓTTIR

Fædd 1952

1972–74

Nám við École Nationale Supérieure Des Beaux-Arts, Paris.

1974–77

Nám við Háskóla Íslands. B.A.

1978–84

Nám við Akademie der Bildenden Künste í München. Diplom.

1983

Meisterschülerin hjá Eduardo Paolozzi. Akademiepreis.

1985

Jahresstipendium der Landeshauptstadt, München.

1986

Förderprogramm Junger Kunst, Art Cologne, Köln.

Fyrstu verðlaun um útilistaverk í München.

1988

Starfslaun listamanna til sex mánaða.

1990

Borgarlistamaður Reykjavíkur.

1995

Starfslaun listamanna til þriggja ára. Verkið *Hlust* afhjúpað í húsi Hæstaréttar Íslands.

2002

Verkið *Uppspretta* valið til útfærslu í nýjum Höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur.

Einkasýningar síðan 2000

2011

Die Zeit vergeht nicht sie kommt í Kunst-raum 34, Stuttgart í Þýskalandi.

2010

Tíminn fer ekki hann kemur ásamt Ingu Ragnarsdóttur í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. **Tíminn fer ekki hann kemur** í Listasafni ASÍ, Reykjavík.

2008

Sjóndeildarhringir ásamt Kristni Hrafnsyni og Bjarna Sigurbjörnssyni í Gerðarsafni í Kópavogi.

2007

Jakobsstigi í Hallgrímskirkju á Kirkjulista-hátíð í Reykjavík.

2004

Arcus í Listasafni Akureyrar.

2002

Einkasýning í Listasafni ASÍ, Reykjavík.

2001

Einkasýning í Slunkaríki á Ísafirði.

2000

Svava Björnsdóttir. Yfirlitssýning í Listasafni Íslands. Með sýningarskrá.

Einkasýning í Safnasafninu á Svalbarðs-strönd við Eyjafjörð.

Samsýningar síðan 2000

2008

Straumar í Listasafni ASÍ í Reykjavík.

2007

Kvikar myndir í Listasafni ASÍ í Reykjavík.

2006

Sumarsýning á Kjarvalsstöðum, Reykjavík. **Málverkið eftir 1980** í Listasafni Íslands.

2004

Sammlung Weishaupt í Museum für Konkrete Kunst, Ingolfstadt í Þýskalandi. **Ný aðföng** í Gerðarsafni í Kópavogi.

2003

Gallerí 100°, Höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur.

2002

Mynd í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. **Hvalreki** í Alma Löv museum, Smedsby, Svíþjóð.

2001

Mynd í Sonja Henie Onstadt Art Center, Hövikodden, Noregi. **Naumhyggja** í Listasafni Íslands.

2000

Bedrock í Halifax, Nova-Scotia, Kanada.